

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um fátækramálefni. 1858.
31. maí.

Þær hafið, herra amtmaður, ritað oss 5. febrúar í vetur með bónarbréfi frá hreppstjórninni í Vindhælishrepp, er kvartar yfir því er amtmaðurinn hafi úrskurðað á þá leið 30. ágúst 1857, að Sölvi Jónsson, þurftugur maður, fæddur í Sveinstaða hrepp, væri nú búinn að eignast sveit í Vindhælishrepp, með því hann hefði dvalið þar 5 ár, síðan hann var 16 vetra að aldri, en fyrir 1. janúar 1849, enn þótt kunnugt væri, að Sölvi þessi hefði hvorki verið búandi né vinnandi þar í hrepp, né við lögmæta atvinnu lifað um 5 ára tíma, með því að hann hefði þar aldrei vistfastur verið, heldur gengið milli manna, farið með dagakaup og smíðað í trè, þótt hann hefði aldrei trèsmíði numið né fengið leyfi til að lifa við handið þessa.

Þessu svörum vör á þá leið. Fyrst ber þess að gæta, að svo er fyrirmælt í kanselíbréfi 4. ágúst 1838 *ad* 1., að orðin „búfastur eður vistfastur“ í 6. gr. reglugj. 8. janúar 1834 skuli eigi skilja beint eptir orðunum, ef svo er að eins, að maður hefir í hrepp verið lögskipaðan tíma, enda hafi hann eigi notið styrks úr sveitarsjóði; þá segir og í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. nóvembr. 1848, að eigi skuli orðin „við lögmæta atvinnu lifað“ í kanselíbréfi því, er nú var getið, skilja eptir eiginlegustu merking þeirra, ef maðurinn hafi eigi verið sveitarþurfi. Vör látum yður því vita, herra amtmaður, yður sjálfum til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að svo skal standa, sem amtmaður hefir á kveðið í úrskurði sínum.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um verzlunarmálefni. 9. júní.

Þær hafið, herra amtmaður, sent oss uppskrípt af prófi því, er fram fór 27. júlí í fyrra, í aukadómi í Strandasýslu, til skýringar á því máli, er Daníel Gullofsen, skipari frá Arendal